



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Sunnufold

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
1	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	5
2	Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022	10
2.1	Stjórnun	11
3	Innra mat deildar	14
4	Innra mat sérkennslu	16
5	Innra mat – fjöltyngd börn	17
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	18
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	18
7.1	Samstarf við Foldaskóla og frístundaheimilið Regnbogaland	18
7.2	Samstarf við sunddeild Fjölnis	19
8	Foreldrasamvinna	20
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
10	Fylgigögn	22
10.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	22
10.2	Fylgiskjal 4 Viðburðarskrá 2021-2022	26
10.3	Fylgiskjal 5 Leikskóladagatal	28



1 Greinargerð leikskólastjóra

Þessi greinargerð var rituð þegar öllum sóttvarnaaðgerðum hafði verið aflétt. Starfið undanfarið ár og rúmlega það hefur einkennst, mikið meira en venja er, af boðhætti; okkur var uppálagt að viðhafa varnir gegn Covid 19 og framfylgja þeim í öllu starfi. Markmið Skólayfirvalda var að vernda börn, foreldra og skólastarfið en jafnframt tryggja sóttvarnir eins vel og hægt var. Við höfum tekist á við hræðslu og pirring en aðallega samstöðu og útsjónarsemi. Börn, foreldrar og starfsfólk eiga mikið hrós skilið fyrir að standa saman í þessu fordæmalausa ástandi sem veiran og varnirnar hafa skapað okkur. Til þess að gera þetta sem best höfum við notið stuðnings samstarfsmanna á Skóla- og frístundasviði og þökkum það. Eftir situr dýrmæt reynsla og vissu um að við getum umbreytt vinnubrögðum með litlum fyrirvara ef með þarf.

Nú þegar nýtt skólaár hefst erum við aftur lent í hringið Covid19 og þurfum aftur að taka á móti börnum við útidyr og foreldrar mega ekki koma inn. Þetta hefur vissulega áhrif á samskipti vegna þess að foreldrar stoppa stutt við. Sérstaklega kemur þetta niður á upphafi samstarfs við foreldra nýrra barna í leikskólanum auk þess að flóknara er að viðhalda góðu foreldrasamstarfi við þá foreldra þeirra barna sem fyrir voru í leikskólanum. Við gerðum okkur grein fyrir því síðastliðinn vetur hversu miklu máli þessi daglegu samskipti skipta, sérstaklega á fyrstu mánuðunum, og við hlökkum sannarlega til að mega vera aftur í eðlilegum leikskóla- og foreldrasamskiptum.

Þrátt fyrir þetta höldum við áfram í Sunnufold með okkar skipulagða leikskólastarf. Þar er leikurinn þungamiðjan og að börnin hafi tíma og næði til að ná flæði í leiknum sínum. Kennarar og starfsfólk eru börnunum til stuðnings og framþróunar í leiknum. Í leikskólanum eru börn á sínu hraðasta máltökuskeiði og því er lögð mikil áhersla á að börnin nái færni á íslensku svo þau geti notið sín og nýtt sér málið til samskipta. Við höldum áfram að vinna eftir lykilhugtökunum okkar sem eru hamingja, málrækt, leikurinn, sjálfræði og heilbrigði og má lesa nánar um á heimasíðunni okkar sunnufold.is.

Að venju fylgir viðburðaskrá, sem ætlað er að vera hagnýtt plagg fyrir bæði starfsfólk og foreldra. Viðburðaskráin er að því leyti ólík dagatali að hægt er að koma við meiri skýringum um hvern viðburð. Smám saman höfum við svo eignast dýpri gögn um hvern viðburð. Viðburðir eru uppbrot í starfinu, tilbreyting, en þeim er einnig alltaf ætlað að vera börnunum námstækifæri. Það er hlutverk starfsfólks að tryggja að svo sé og eflandi að dýpka og víkka vitund okkar um það.



Breytingar í Frosta

Fyrir liggja breytingar í starfstöð Sunnufoldar í Frostafold þar sem endurskoðun hefur farið fram á nýtingu húsnæðisins í samræmi við aldur og þarfir hvers hóps. Ákveðið var að elstu börnin verða framvegis í húsnæði Tröllheimadeildarinnar þar sem áður voru yngstu börn leikskólans. Yngstu börnin færast því inn í húsnæði Hulduheimadeildarinnar sem var áður fyrir miðdeildina, börn á aldrinum 2,3-4 ára og þá færast miðdeildin inn í húsnæði Álfheimadeildarinnar þar sem elstu börnin hafa verið. Þörf er á að breyta húsnæðinu á Hulduheimum þannig að það henti yngstu barna starfi betur. Stefnt er að því að yngri barna deildirnar tvær verði í mun meiri samvinnu en áður og þá sjáum við möguleika í því að tími starfsmanna nýtist vel í breyttu umhverfi. Til að mynda þá fara öll börn á Álf- og Hulduheimum saman í eitt hvíldarherbergi og þau börn sem hætt eru að sofa fá þá hin rýmið til leiks og starfa. Þá fá elstu börnin meira rými og fleiri herbergi sem gefur skemmtilega möguleika. Auk þess sem þau fá stærri fataklefa þannig að rýmra verður um þau.

Breytingarnar eru að taka á sig mynd nú í lok ágúst. Þær hafa gengið vel en þó er eins og alltaf þegar flutt er í nýtt húsnæði enn verið að koma sér fyrir. Þetta hefur verið mjög áhugaverð breyting á námsumhverfi barnanna í Frosta.

Foreldrafélögin eru mikilvægur þáttur í samfélagi leikskólans. Þau sjá til dæmis um jólasveinana sem koma á jólaböllin, ýmist piparkökumálun eða jólaföndri, sveitaferð og fleira. Það hefur allt þurft að sníða að takmörkunum vegna veirunnar en við vonumst til bjartari tíma. Við kunnum þeim vel þakkir fyrir þeirra framlag til starfsins.



1 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat leikskólans og deilda

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Lykilhugtök, þekking starfsmanna	Á starfsdegi	Allir starfsmenn	Starfsfólk er meðvitað. Marka þarf betur upphaf og endi.
Hljóðvist	Hljóðvistarmæling var gerð í Frosta	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.	Bæta þarf hljóðvist. Óskað hefur verið eftir aðstoð við það.
Hrekkjavakan	Í samverustundum Á starfsdegi	Börn Allir starfsmenn	Gekk vel. Skemmtilegt uppbrót. Börnin ánægð með búningadag. Of mikið að hafa grasker á hverri deild.
Leikfangakostur	Á starfsdegi	Allir starfsmenn	Búið að uppfæra að einhverju leyti. Vera meðvituð að færa leikefni milli herbergja.
Aðgengi barna að efnivið	Á starfsdegi	Allir starfsmenn	Merkja betur með heiti og mynd. Aðgengi í takt við aldur og þroska.
Námsumhverfi endurskoðað á eldri deildum	Á starfsdegi	Allir starfsmenn	Námsumhverfi var endurskoðað. Gekk vel. Heldur sér í Loga. Breytingar í Frosta 2021.
Heimasíða leikskólans	Á starfsdegi	Stjórnendur	Gengur vel
Facebook síða leikskólans	Á starfsdegi	Stjórnendur	Gengur vel



Lykilhugtök, þekking starfmannna

Starfsmenn voru sammála um að vera vel meðvitaðir um lykilhugtökin. Þeim finnst þó skipta máli að marka betur upphaf og endi hvers tímabils. Starfsáætlun frá 2020-2021 gerði ráð fyrir að í lok hvers tímabils yrði nokkurs konar sýning þar sem vinnu hvers tímabils yrðu gerð góð skil. Með myndasýningum barnanna og fleiru. Óhætt er að segja að þriðja og fjórða bylgja í heimsfaraldri Covid19 hafi haft áhrif á leikskólastarfið og vinnu með lykilhugtökin. Vissulega var unnið með lykilhugtökin í öllu daglegu starfi og stefnum við á að marka betur skilin á næsta námsári.

Hljóðvist

Góð hljóðvist er mikilvæg í leikskólastarfi til að öllum líði vel og geti blómstrað. Í síðustu starfsáætlun var ákveðið að huga að því að bæta hljóðvist í Frosta. Haft var samband við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og óskað eftir að framkvæmd yrði ómtímamæling. Hún var gerð og nú stendur til að bæta hljóðvistina auk þess sem breytingar eru framundan á leikskólahúsnæðinu í Frosta sem koma að gagni við að bæta hljóðvistina. Hljóðvistarverkfræðingur kom í júní og gerði mælingar og er að vinna að útfærslu samkvæmt vitneskju stjórnenda leikskólans.

Hrekkjavakan

Fram kom í starfsáætlun frá fyrra ári að beiðni hefði komið frá foreldrum að hrekkjavakan yrði hluti af uppbroti í leikskólastarfinu. Ákveðið var að koma til móts við þessa beiðni með það að markmiði að uppbrotið passaði börnum á leikskólaaldri. Því var börnunum boðið að koma í búningum þennan dag og skorið var út í grasker á öllum deildum. Endurmat með börnunum í samverustund sýndi fram á ánægju barnanna með daginn. Sömuleiðis leiddi endurmat hjá starfsmönnum á skipulagsdegi í ljós almenna ánægju starfsmanna um að dagurinn hefði heppnast vel en einnig kom fram að þeir telja hæfilegt að skera út eitt grasker í hvoru húsi á elstu barna deildum.

Leikfangakostur

Leikfangakostur var uppfærður að einhverju leyti. Almenn ánægja var með þá endurnýjun. Ljóst er að deildarstjórar og starfsmenn deilda þurfa að hafa vakandi auga fyrir þeim möguleikum sem leikfangakosturinn býður upp á. Í báðum húsum hafa leikföng verið samnýtt milli aldurshópa og deilda eftir samsetningu hópa og áhugasviða þeirra. Deildarstjórar og starfsmenn eru meðvitaðir um að nýta hvert rými deildanna vel og færa leikefni á milli til dæmis þegar áhugi og notkun leikefnis minnkar þá getur hún aukist aftur með því að endurskipuleggja leikrýmið. Við teljum að enn fleiri tækifæri gefist til þessa með nýju deildarskipulagi í Frosta þar sem bæði yngstu barnadeildin og miðbarnadeildin verða á sama gangi og mun auðveldara með samnýtingu húsnæðis, leikfanga og starfsmanna.



Aðgengi barna að efnivið

Börnin í Sunnufold eiga að hafa aldurssvarandi aðgang að leikefni í sínu leikskólarými. Til þess að efniviður sé aðgengilegur er mikilvægt að hver hlutur eigi sinn stað og að sá staður sé merktur með nafni viðkomandi hlutar og mynd þannig að börnin nái að tengja mynd og orð saman á fyrstu stigum læsis. Hafa þarf í huga að aðgangur að skærum og lími sé í takt við þann barnahóp sem nýtir deildina á ári hverju.

Námsumhverfi endurskoðað á eldri deildum

Námsumhverfið var endurskoðað bæði á Mánakoti og Álfheimum. Á Mánakoti höfðu öll borð verið sett í eitt rými. Þar með varð sú stofa nýtt undir borðvinnu svo sem spil og teikningu ásamt því að þar borðuðu öll börnin. Því var breytt haustið 2020 þannig að eitt matarborð var í hverju rými og betra tækifæri gafst til samtals í matartímum auk þess sem gólfpláss myndast í hverju rými. Ekki gafst jafngott tækifæri til að raða betur í leikstofurnar á Álfheimum þar sem þau gátu ekki lengur nýtt salinn í Frosta. Hann þurfti að nýta undir kaffistofu starfsmanna vegna fjarlægðartakmarkanna vegna Covid19. Námsumhverfið er í stöðugri endurskoðun og verður spennandi að byrja nýjan vetur með elstu barna starfið í Frosta á annarri deild innan húsnæðis Frosta.

Heimasíða leikskólans

Heimasíða leikskólans er nýtt sem rafrænn bæklingur en fréttir eru sendar foreldrum í tölvupósti og einstaka sinnum eru sendar myndir í tölvupósti. Annars eru myndir prentaðar út og settar til sýnis eða að börnin fá þær í persónumöppurnar sínar.

Facebooksíða leikskólans

Í umbótaáætlun fyrir haustið 2020 var ákveðið að sameina báðar Facebook síður leikskólans í eina. Var það gert með því markmiði að sameina foreldrahópinn og eins tryggja að allir foreldrar sem væru skráðir á Facebook síðuna fengju sömu upplýsingar hvort sem barn þeirra stundar nám í starfsstöðinni í Logafold 18 eða Frostafold 33.



Ytra mat


Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun foreldra	Í rafrænni könnun í mars 2021	Foreldrar/forráðamenn	Foreldrar eru almennt ánægðir.
Viðhorfskönnun starfsmanna	Í rafrænni könnun í mars 2021	Starfsmönnum fengu sendan tengil á könnun og skapað var rými til þátttöku á starfsstað.	Starfsmenn eru almennt ánægðir en við sjáum tækifæri til eflingar.

Viðhorfskönnun foreldra

Viðhorfskönnun foreldra fór fram í rafrænni könnun í mars 2021. Þátttakendur voru foreldrar eða forráðamenn barna í leikskólanum Sunnufold sem fengu slóð á könnunina senda í tölvupósti. Svarhlutfall var 85,5%. Foreldrar eru almennt ánægðir með veru og líðan barna sinna í leikskólanum.



Við þurfum áfram að vinna með upplýsingaflæði en öðru hvoru koma fram athugasemdir varðandi það. Í starfi Sunnufoldar eins og öðrum leikskólum er unnið eftir leikskóladagatali. Leikskóladagatalið er síðan sett upp í viðburðaskrá þar sem viðburðir eru útskýrðir og tímasettir. Þannig hafa foreldrar upplýsingar að hausti um hvernig viðburðir eða uppbrot eins og litadagar fléttast inn í dagatalið. Þá hafa foreldrar tækifæri til að geta spurt um nánara skipulag og gefið endurgjöf. Venjan er að setja viðburðaskrána og leikskóladagatalið inn á heimasíðu leikskólans, Facebook síðu leikskólans auk þess sem hún er send foreldrum í tölvupósti. Einnig er sett dagatal fyrir framan hverja deild þar sem viðburðir eru settir fram sem er mjög mikilvægt fyrir börnin. Börnin skoða það mjög gjarnan yfir daginn og læra að fylgjast þannig með tímanum, æfa sig í læsi á myndir, daga, tölur og tíma. Þannig eru þau að raða saman upplýsingum sem verða að þekkingu og meiri skilningi á hvernig og hvenær kemur að viðburðinum.



Auk þess senda deildarstjórar tölvupóst í hverri viku til foreldra. Einstaka sinnum fellur það niður, til dæmis þegar faliðun er í starfsmannahópnum. Þá eru deildarstjórar að tryggja öryggi og nám barnanna á deildum.

Viðhorfskönnun starfsmanna

Viðhorfskönnun starfsmanna fór einnig fram í rafrænni könnun í mars 2021. Starfsmenn eru almennt ánægðir í starfi og hefur ánægja aukist frá síðustu könnun. Þó eru ákveðnir liðir í niðurstöðum sem leiða í ljós tækifæri til umbóta og endurskoðunar.

Við höfum þegar hafist handa við það en á liðnum vetri höfum við fengið Önnu Steinsen frá fyrirtækinu KVAN til að halda fyrirlestra um samskipti á vinnustað og kom hún einnig á skipulagsdag í júní og hélt áfram umræðuefnið og hlut hvers starfsmanns í samfélaginu sem hver vinnustaður er.

Könnunin sýnir fram á að starfsmenn telja vinnuálag of mikið. Það er umsvifamikið starf að vinna með börnum í leikskóla og þarf að huga vel að starfsmönnum. Þannig þarf hver starfsmaður einnig að vera meðvitaður um sinn hlut og huga að sér. Styttning vinnuvikunnar hefur vissulega haft áhrif á liðnum vetri. Starfsmenn eru almennt ánægðir og glaðir þegar þeir kveðja til að fara í sína styttningu og tala jákvætt um þann tíma. Þeir sem eftir standa vita

að það er flóknara umhverfi þegar færri starfsmenn eru til að sinna starfinu. Skipulag vinnutíma starfsmanna mun taka mið af þessum lærdómi og vonandi ganga betur.

2 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

Umbótaáætlun leikskólans skiptist í nokkra þætti; stjórnun, uppeldis- og menntastarf og mannauður/leikskólabragur.



2.1 Stjórnun

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Stytting vinnuvikunnar	Að vinnutímar dreifist jafnar yfir námsstundir barnanna.	Með breyttu skipulagi verður vonandi meiri samfella.	Stjórnendur	Haust 2021	Haust 2022	Endurskoðun vinnutíma og endurmat á deildarstjórastundum	Að vinnutímar dreifist jafnar yfir námsstundir barnanna.
Þróunarverkefni með Engjaborg, Funaborg og Hólaborg	Sjálfsefning starfsmanna og að efla kerfisbundin vinnubrögð í flæðandi leikskólustarfi	Vinna að sameiginlegu þróunarverkefni	Stjórnendur	Haust 2021	Vor 2024	Á reglulegum fundum á meðan verkefninu stendur	Að markmiðum verkefnis sé sinnt
Uppeldis- og menntastarf							
Tímabil lykilhugtaka	Marka betur skil tímabila lykilhugtaka	Hafa myndasýningar og útskýringar á viðkomandi tímabili	Deildarstjórar	Haust 2021- 2022	Vor 2022	Endurmat og markmiðssetning á skipulagsdögum	Að skil tímabilanna verði sýnilegri
Læsi á öllum deildum	Dagatal Læra á tímann þekking	Lubbi mætti koma sterkari inn. Tákn en ekki bókstafir	Elstu barna deildarstjórar	Haust 2021 og Vor 2022		Elstu barna deildarstjórar vinna með þetta ásamt starfsfólki.	Að börnin hafi tækifæri til þess að efla hljóðkerfisvitund sína
Mannauður/Leikskólabragur							
Kaffistofan eftir Covid19	Betri vinnuaðstaða í Frosta. Meira rými. Fjölbreyttari not á rými.	Endurmeta með starfsfólki Frosta.	Deildarstjórarnir í Frosta.	Haust 2021	Vor 2022	Á deildarfundum með samtölum.	Að allir séu ánægðir með breytinguna.



Stytting vinnuvikunnar

Stytting vinnuvikunnar var innleidd í vinnutíma starfsmanna Sunnufoldar í janúar- mars 2021. Kosið var um hversu mikla styttingu fólk vildi og niðurstaðan leiddi til þess að í Sunnufold vinnum við eftir 36 klukkustunda vinnuviku miðað við fullt starf.

Innleiðingartíminn hefur verið lærdómsríkur og við áttað okkur á hvað megi betur fara. Helst er að nefna að jafna fjölda starfsmanna á námsstundir barnanna þannig að stytting vinnutíma stuðli ekki að minna námstilboði og öryggi barna í leikskólanum. Vinnutímar verða sem venja er endurskoðaðir í haust miðað við þann barnahóp sem þá er kominn til náms í Sunnufold og vistunartíma þeirra.

Þróunarverkefni

Sótt hefur verið um styrk í sjóð hjá Reykjavíkurborg fyrir þróunarverkefni sem felst í sjálfsefningu starfsmanna og að efla kerfisbundin vinnubrögð í flæðandi leikskólastarfi. Þróunarverkefnið er unnið í samstarfi við Engjaborg, Funaborg, Hólaborg og dr. Önnu Magneu Hreinsdóttur sem er aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Umsóknin um styrkinn fékkst samþykkt í júní 2021 og er vinna hafin við skipulag vetrarins. Meðal annars að sameina skipulagsdaga með samstarfsskólunum. Leikskólarnir fjórir fengu úthlutaðan styrk frá Erasmus sem á að vera nýttur í ráðstefnur fyrir starfsmenn. Tímabilið sem áætlað var að nýta styrkinn er 18 mánaða tímabil sem telur frá 1. desember 2020. Í ljósi aðstæðna í heiminum vegna heimsfaraldur Covid19 hefur ekki enn gefist færi á að ferðast. Þátttöku leikskólans er þannig háttað að einn til fjórir starfsmenn fara á ráðstefnu utan landsteinanna hverju sinni og því er ekki talin þörf á að nýta skipulagsdaga leikskólans vegna þessa. Ljóst er að leikskólinn fylgir leiðbeiningum Skóla-og frístundasviðs gagnvart því hvort óhætt sé að ferðast utan landsteinanna hverju sinni miðað við áhættu vegna Covid19.

Læsi á öllum deildum

Í leikskólum er unnið í takt við Lesið í leik sem er læsisstefna leikskóla. Læsisstefna Sunnufoldar verður rituð á námsárinu 2021-2022. Við ræktum mál barnanna með því að hlusta á þau og tala við þau. Hugað er að því í námsumhverfi barnanna að bókstafir og orð séu sýnileg. Þannig eiga leikföng sinn stað í hillum sem eiga að vera merktar með mynd og orðum. Upplýsingar eru hengdar í hæð barnanna og þá er helst að nefna mánaðardagatölin okkar sem hanga á veggjum fyrir framan hverja deild og sýna viðburði svo sem afmælisbörn mánaðarins, ef einhver ferð er á döfinni, litadagar í leikskólanum og fleira. Börnin skoða mjög gjarnan dagatölin hvort sem þau eru ein, með félögum, foreldrum eða kennurum. Þannig læra þau á lesáttina sem er frá vinstri til hægri og átta sig með auknum þroska á hvernig dagarnir líða. Lestur og söngur er stór hluti af leikskólastarfi. Lesið er fyrir öll börn að minnsta kosti einu sinni á dag. Fyrir þau allra yngstu er byrjað á myndabókum þar sem myndirnar eru lesnar og svo bætist við texti

eftir því sem líður á leikskólaárin þar til á síðustu önninni þar sem þau ættu að geta hlustað á einfaldar framhaldssögur.

Stefnt er á eins og fyrri ár að leggja Efi-2 málþroskaskimun fyrir öll börn á fjórða ári í Sunnufold að fengnu samþykki foreldra og forráðamanna. Þessi skimun er framkvæmd í leikskólanum af starfsmönnum leikskólans sem hafa til þess réttindi. Með henni er hægt að kortleggja vanda barna ef hann er til staðar og grípa til íhlutunar fyrr. Elstu börn eru skimuð með Hljóm-2 sem er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Síðan er námsárinu skipt niður í tímabil þar sem unnið er með hvern þátt hljóðkerfisvitundar.



3 Innra mat deildar

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Lubbi	Nota meira	Búa til hljóðaspjöld fyrir hvert hljóð	Elstu barna deildastjórar	Haust 2021	Vor 2022	Hvernig var upplifun barnanna? Á starfsdegi vor 22	Að börn á elstu deildum hafi kynnst hljóðunum hans Lubba
Eldhúsin	Vinna að samræmingu milli húsa. Staðla matseðla. Tryggja matseld í samræmi við ráðleggingar Landlæknis.	Funda með matráðum. Skerpa á viðmiðum við matráða.	Leikskólastjóri ber ábyrgð. Framkvæmdaraðilar eru matráðar.	Stendur yfir námsári ð 2020- 2021.			Að samræmin g náist milli húsa og að tryggt sé að farið sé að viðmiðum Landlæknis eins vel og kostur er.
Samvinna á yngri gangi í Frosta	Breytt nýting á rými og tíma starfsfólks	Samnýta starfsfólk meira á milli deilda	Deildastjórar	Haust 2021	Vor 2021		Að flæði skapist á milli og góður bragur á samstarfi deildanna

Lubbi

Á eldri deildum er unnið með námsefnið *Lubbi finnur málbein*. Elstu tveir árgangarnir læra lögin úr Lubbabókinni ásamt því að þau sjá formið á stafnum. Þau vinna einnig með hljóð stafanna og læra þá táknmynd hljóðsins líka. Börnin læra að tengja stafina við hluti í umhverfinu en stafróf hvers barns byrjar á þeirra upphafsstaf.

Samvinna á yngri gangi í Frosta

Með nýju skipulagi á húsnaði í Frosta er búið að færa tvær yngri deildirnar á sama gang. Með því gefst tækifæri á meiri samvinnu en áður. Stendur til að nýta rýmið betur eins og þegar kemur að hvíld. Þá fara öll börn af báðum deildum í hvíld á Hulduheimum og gefur því meira rými og næðistími



Í fámennari hóp fyrir þau börn sem ekki sofa. Þessi tími hentar afar vel fyrir litla málörvunarhópa eða aðra vinnu með kennara. Þannig gefst færi á að efla samstarf meðal starfsmanna sem vinna með yngri börnum leikskólans.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Reynt er að nota fjölbreyttar aðferðir til að nálgast sem best þarfir hvers og eins. Það er allt frá því að stuðningurinn er nær eingöngu við félagslega þátttöku inni á deild, yfir í mikla einstaklingskennslu. Sérkennsla barnanna er fléttuð inn í daglegan leik og starf. Skráð er á lista inni á deildum tíðni sérinngripa, s.s. lestur, gefðu 10 og fl. Mánaðarskráningar eru líka fylltar út. Skráning í einstaklingskennslu er eftir hverja stund, þar sem merkt er við getu í hverri einstakri færni.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	AEPS, Hljóm 2, Efi 2, Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Fjölbreytt námsgögn, s.s. bækur, spil, námsgögn af netsíðunni Fjölbreyttar kennsluáðferðir og fleiri netsíðum, öpp í spjaldtölvum eins og Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin og Bitsboard.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Áhersla lögð á að viðhalda árangri í gegnum komandi starfsmanna-breytingar	Nýta tækifæri sem myndast í breytinga-ferli	Halda reglulega fundi með deildarstjórum, stuðningsaðilum og yfirstjórn	Sérkennslustjór a	Ágúst 21	Júlí 22	Á fundum með stjórnendum og stuðningsfólki	Að samþætting sérkennslu og annars leikskólastarfs viðhaldist



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið er notað í laun starfsmanna á deild
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Daglegur lestur, Gefðu 10, spjall, spil, bókin mín (lykilhugtök), setja orða á athafnir og „báða“ börnin í orðum.
Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já. Orðaspjall í lestri, Orð í tösku er lítillaga notað, Markviss málörvun, Listi frá miðju máls og læsis.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Já, á deildum er fylgst með framförum allra barnanna og skráð reglulega. Auk þess fylgist sérkennslustjóri með og hlustar á málnotkun barnanna.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Markviss málörvun fjöltyngdra barna	Fjölga tækifærum fjöltyngdra barna í námsumhverfi leikskólans	Búa til fámenna málörvunarhópa innan deilda sem hittast tvisvar til þrisvar í viku.	Deildarstjórar og sérkennslustjórarnir	Haust 2021	Lýkur aldrei	Endurmat á starfsdögum	Að börnin öðlist meiri færni í að skilja og tjá sig á íslensku.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróun er mikilvæg fyrir allt starfsfólk og því fagnað þegar fólk sækist eftir endurmenntun.

Síðasta árið hefur verið áskorun vegna þess að námskeið hafa verið felld niður til viðbótar við flókið vinnuumhverfi en mikill hluti hefur þó verið fluttur rafrænt sérstaklega frá haustinu 2020. Það hefur auðveldað þátttöku. Einn starfsmaður lauk Fagnámskeiði 1 fyrir leikskólastarfsfólk á vegum Eflingar sem fór fram hjá Mími. Tveir starfsmenn sóttu námskeið um Blæ, vináttuverkefni Barnaheilla. Þá bætist þar í nokkurn hóp starfsmanna sem hafa tileinkað sér þá þekkingu og nýta í starfinu.

Flestir deildarstjórar sátu tvisvar sinnum fjarfyrirlestra hjá dr. Valdísi Ingibjörgu Jónsdóttur heyrnar- og talmeinafræðingi sem Karella skipulagði. Annars vegar *Mál og málproskaröskun* í nóvember 2020 og hins vegar *Hver eru einkenni málproskaröskunar hjá börnum? -hvað er til ráða? í febrúar 2021.*

Tveir starfsmenn sóttu námskeið um *Efi 2* sem er málproskaskimun fyrir börn á fjórða ári.

Sérkennslustjóri sat Vorráðstefnu Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins sem var haldin í september 2020. Leikskólakennari sem sinnir sérkennslu sat Vorráðstefnu Greiningar og ráðgjafarstöðvar ríkisins: *Börn með fatlanir - Viðhorf og valdefling* í mars 2021.

Sérkennslustjórar tóku þátt í *Lærdómssamfélagi sérkennslustjóra* sem fram fór á rafrænum fundum megnið af námsárinu *sept, okt, nóv, jan, febr, mars, apríl, maí og júní fyrirlestrar, sýnikennsla og jafningjafræðsla*. Fjallað var um kvíða, málproska og leiðir til að efla hann, upplýsingatækni í sérkennslu o.fl. Þessi vettvangur með jafningum er afar gagnlegur að mati þeirra sem tóku þátt. *Barnavernd bauð upp á tvo fyrirlestra/fundi í apríl og maí 2021 og sat einn starfsmaður fyrirlestur í hvort skiptið.*

Einnig sat einn starfsmaður (fjar)ráðstefnu BUGL Um margbreytileika einhverfurófsins. Einn starfsmaður sat fyrirlestraröðina En ég var einn: *Veðráðstefna. Sjálfsmynd stráka og kerfið* sem var haldin í samstarfi Jafnréttisskóla Reykjavíkur, Geðhjálpar og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Að síðustu lauk einn starfsmaður B.ed. gráðu í leikskólakennarafræðum og stefnir áfram á meistaranám í fræðunum. Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars/apríl 2021.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

7.1 Samstarf við Foldaskóla og frístundaheimilið Regnbogaland

Áætlað hafði verið að samstarf yrði áfram við Foldaskóla eins og síðustu ár en þriðja bylgja heimsfaraldurs Covid 19 kom í veg fyrir það aftur að einhverju leyti námsárið 2020-2021.

Deildarstjórar á elstu deildum reyndu sitt besta til að sinna samstarfi við Foldaskóla og Regnbogaland. Að einhverju leyti gekk það upp. Börnin fengu öll að fara í íþróttatíma og smíðatíma í Foldaskóla.

Samstarf verður áfram við Foldaskóla eins og verið hefur og verður áfram næsta skólaár vonandi við eðlilegri aðstæður. Það hefst á Degi íslenskar tungu þann 16. nóvember með því að 5. bekkur kemur í heimsókn á eldri deildir þar sem þau lesa fyrir leikskólabörnin. Síðan hafa elstu börnin farið í reglulegar heimsóknir yfir veturinn í Foldaskóla þar sem þau fá að taka þátt með fyrsta bekk í smíðatíma, íþróttatíma auk heimsóknar á skólabókasafnið.

Sunnufold er einnig í samstarfi við Frístundaheimilið Regnbogaland í Foldaskóla en vanalega hafa börnin úr Sunnufold fengið að fara í heimsóknir reglulega yfir veturinn. Síðastliðinn vetur gekk það ekki eftir en þó hittu börnin úr Sunnufold hluta af þeim börnum sem eru í Regnbogalandi núna og hluta af starfsfólk Regnbogalands úti á leikssvæði Regnbogalands við Foldaskóla.

Skipulag næsta skólaárs verður svipað í sniðum og síðustu ár og vonandi gengur sem flest vel upp.

7.2 Samstarf við sunddeild Fjölnis

Frá árinu 2015 hafa hefur Sunnufold verið í samstarfi við Sunddeild Íþróttafélagsins Fjölnis.

Það felst í því að elstu börnin fara á sundnámskeið sem stendur í 9 daga í júní þegar grunnskólar hafa lokið sínu sundnámi. Þá fylgja starfsmenn Sunnufoldar börnunum gangandi út í Grafarvogslaug og aðstoða þau við að læra á fataklefan og sturtuklefan og þá tekur sundkennarinn við þeim. Þetta hefur gefist afar vel, börnin hafa verið glöð að fara og afraksturinn sést síðan að þau eru öruggari með sig í fataklefum bæði íþrótt og sunds þegar þau fara í skólaíþróttirnar í fyrsta bekk. Einnig æfast þau í að fara eftir fyrirmælum þjálfara.

8 Foreldrasamvinna

Í Sunnufold er lögð mikil áhersla á góða samvinnu og samskipti við foreldra og heimili barna. Þannig verður til sameiginleg þekking sem umlykur uppeldisheim barnsins. Þessi samvinna er sterkur grunnur að því að barninu takist að nýta þau námstækifæri sem leikskólinn býður.

- Kynning fyrir foreldra verður haldin í hvoru húsi fyrir sig þar sem foreldrar mæta beint á deild barns með grímur. Þar sem farið verður yfir deildarstarf komandi skólaárs og foreldrar geta spurt spurninga auk þess sem tekið er við framboðum í foreldrafélag. Foreldrar eru hvattir til að mæta
- 14. september Foreldrafundur fyrir foreldra barna í Frosta 19:30
- 16. september Foreldrafundur fyrir foreldra barna í Loga 19:30
- Foreldraráð leikskólans skipa einn fulltrúi foreldra af hverri deild. Kosið er á foreldrafundi haustsins. Hver fulltrúi situr í tvö ár. Fulltrúar úr starfsmannahópnum funda með ráðinu ásamt leikskólastjóra og hefur umsögn um starfið í leikskólanum. Fundir eru 6-7 yfir skólaárið.
- Foreldrafélög hafa verið starfandi við báðar starfstöðvar en við hugum að því að hafa eitt félag til að tryggja að börnin í Sunnufold fái jafnari tilboð um framlag foreldra til leikskólastarfsins auk samvinnu við t.d. pöntun á ljósmyndara og þess háttar.
- Boðið er upp á foreldrasamtöl einu sinni til tvisvar sinnum á ári. Foreldrum er ávallt velkomið að hafa samband við deildarstjóra hvort sem það er í daglegum samskiptum, símtali eða tölvupósti.
- Að auki eru foreldrar elstu barna boðaðir í samtal vegna niðurstaðna úr Hljóm-2 prófinu sem athugar stöðu hljóðkerfisvitundar barnanna á síðasta leikskóla árinu. Auk þess sem foreldrum barna á fjórða ári eru kynntar niðurstöður úr málproskaskimuninni Efi-2.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaársins 2021-2022 verða

6. september

4. október

26. nóvember

7. febrúar

1. apríl

9. maí



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



10.2 Fylgiskjal 4 Viðburðarskrá 2021-2022

Þessi viðburðaskrá er ekki tæmandi og við ákveðum fleiri viðburði með stuttum fyrirvara og látum foreldra vita af þeim. Allir viðburðir eru settir fram með þeim fyrirvörum sem sóttvarnaraðgerðir gegn Covid19 setja okkur.

Ágúst

- 10. ágúst, opnum báðar starfstöðvar klukkan 7:30 eftir sumarfrí.
- 11. ágúst hefjast aðlaganir nýrra barna í Loga og 24. ágúst í Frosta.
- 10. ágúst Hamingjutímabilið hefst.

September

- 6. september Skipulagsdagur – leikskólinn er lokaður
- 10. september Appelsínugulur dagur
- 14. september Foreldrafundur fyrir foreldra barna í Frosta 19:30
- 16. september Foreldrafundur fyrir foreldra barna í Loga 19:30

Október

- 4. október Skipulagsdagur. Sameiginlegur með grunnskólum. Leikskólinn er lokaður
- 5. október Málræktartímabilið hefst
- 9. október, afmæli Sunnufoldar, 10 ár frá stofnun.
- 15. október, bleikur dagur.
- 27. október, alþjóðlegur bangsadagurinn– Bangsaball.
- 29. október Hrekkjavakan -nánar auglýst síðar.

Nóvember

- 8. nóvember, baráttudagur gegn einelti. Verum góð hvert við annað, það er bannað að stríða og skilja útundan. Ræðum þau mál saman og með börnunum.
- 12. nóvember Hvítur dagur
- 16. nóvember fögnum við *Degi íslenskrar tungu*. Börn úr Foldaskóla koma og lesa fyrir leikskólabörnin.
- 20. nóvember, dagur mannréttinda barna, barnréttinda.
- 26. nóvember skipulagsdagur í Sunnufold. Leikskólinn er lokaður

Desember

- Nánar um desemberdagskrá kemur síðar, m.a. um starf í boði foreldrafélaganna, piparkökumálun og/eða föndur.
- 10. desember, foreldrakaffi. Nánar auglýst síðar og ef má í ljósi Covid19.



- 11. desember Stekkjastaur kemur til  byggða
- 13. desember Jólasveinahúfudagur
- 15. desember, jólaball í Loga og Frosta. Nánar auglýst síðar.
- 22. desember, rauður dagur.

Janúar

- 3. janúar Leiktímabilið hefst
- 6. janúar, Prettándinn, síðasti dagur jóla skv. íslenskri jólahefð. Gengið frá jólaskrauti og jólin sungin út.
- 14. janúar Fjólublár dagur
- 21. janúar. Bóndadagur og þorrablot í Sunnufold. Gamlar matarhefðir sem tengjast þorra og föndur tengt þorranum.

Febrúar

- 7. febrúar, skipulagsdagur allan daginn. Sameiginlegur með grunnskólum. Leikskólinn er lokaður.
- 6. febrúar, Dagur leikskólans. *Við höfum samtalið við börnin um leikskólann og hvað þau vilja að leikskólinn sé fyrir þau. Matsspurningar sem má nota til umbóta í starfinu ræddar með börnunum.*
- 25. febrúar. Ömmu-og afakaffi Nánar auglýst síðar og ef má í ljósi Covid19.
- 28. febrúar Bolludagur. Bolluvendir föndraðir og fiskbollur og rjómobollur borðaðar.

Mars

- 1. mars Sprengidagur. Saltkjöt og baunir að íslenskri hefð.
- 2. mars Öskudagur. Við höfum búningaball og sláum köttinn úr tunnunni
- 7. mars Sjálfræðistímabil hefst
- 11. mars grænn dagur

Apríl

- Páskaleyfi 1. apríl-5. apríl
- 9. apríl Gulur dagur
- 22. apríl, Sumardagurinn fyrsti. Leikskólinn er lokaður.
- Barnamennningarhátíð

Mái

- 1. maí Baráttudagur verkalýðsins
- 7. maí Brúnn dagur
- 9. maí Skipulagsdagur sameiginlegur með grunnskólum. Leikskólinn er lokaður.
- 26. maí Uppstigningardagur. Lokað.
- 14. maí Skræpóttur dagur
- 24. maí Annar í hvítasunnu. Leikskólinn er lokaður.
- 28. maí Útskrift elstu barnanna



Júní

- Sumarstarf
- 17. júní. Þjóðhátíðardagur Íslands. Leikskólinn er lokaður.

Júlí

- Sumarlokun verður í 4 vikur. Nánar tilkynnt síðar

Gleðilegt starfsár, starfsfólk Sunnufoldar.

10.3 Fylgiskjal 5 Leikskóladagatal



AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 S		1 M		1 F		1 M		1 M	1 F	1 M	1 F	1 P	1 P	1 P	1 P	1 F	1 F	1 S	1 S	1 M	
2 M	2. Míldagur þess áramanna	2 F		2 L		2 P		2 F	2 F	2 S		2 M	2 M	2 M	2 M	2 L	2 L	2 M	2 M	2 F	
3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 F	3 F	3 M	3 M	3 F	3 F	3 F	3 F	3 S	3 S	3 Þ	3 Þ	3 F	3 F
4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	4 L	4 P		4 F	4 F	4 F	4 F	4 M	4 M	4 M	4 M	4 L	
5 S		5 S		5 F		5 F		5 S	5 S	5 M		5 L	5 L	5 L	5 L	5 P	5 P	5 F	5 F	5 S	5 S
6 F		6 M		6 M		6 L		6 M	6 M	6 F	6 F	6 S	6 S	6 S	6 S	6 M	6 M	6 F	6 F	6 M	6 M
7 L		7 Þ		7 F		7 S		7 Þ	7 Þ	7 S		7 M	7 M	7 M	7 M	7 F	7 F	7 L	7 L	7 Þ	7 Þ
8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	8 M	8 L		8 Þ	8 Þ	8 Þ	8 Þ	8 F	8 F	8 S	8 S	8 M	8 M
9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	9 F	9 S		9 M	9 M	9 M	9 M	9 L	9 L	9 M	9 M	9 F	9 F
10 Þ	10. Þ Leikdæmi opnar dæra samráðs	10 F		10 S		10 M		10 F	10 F	10 M		10 F	10 F	10 F	10 F	10 S	10 S	10 Þ	10 Þ	10 F	10 F
11 M	11. Míldagur þess áramanna	11 L		11 M		11 F		11 L	11 L	11 P		11 F	11 F	11 F	11 F	11 M	11 M	11 M	11 M	11 L	11 L
12 S		12 S		12 Þ		12 F		12 S	12 S	12 M		12 L	12 L	12 L	12 L	12 F	12 F	12 F	12 F	12 S	12 S
13 F		13 M		13 M		13 L		13 M	13 M	13 F		13 S	13 S	13 S	13 S	13 Þ	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M
14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ	14 Þ	14 P		14 M	14 M	14 M	14 M	14 F	14 F	14 L	14 L	14 Þ	14 Þ
15 S		15 M		15 M		15 M		15 M	15 M	15 L		15 Þ	15 Þ	15 Þ	15 Þ	15 F	15 F	15 S	15 S	15 M	15 M
16 M		16 F		16 L		16 Þ		16 F	16 F	16 S		16 M	16 M	16 M	16 M	16 L	16 L	16 M	16 M	16 F	16 F
17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 F	17 F	17 M		17 F	17 F	17 F	17 F	17 S	17 S	17 Þ	17 Þ	17 F	17 F
18 M		18 L		18 M		18 F		18 L	18 L	18 P		18 F	18 F	18 F	18 F	18 M	18 M	18 M	18 M	18 L	18 L
19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S	19 S	19 M		19 L	19 L	19 L	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F	19 F	19 S	19 S
20 F		20 M		20 M		20 L		20 M	20 M	20 P		20 S	20 S	20 S	20 S	20 M	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M
21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ	21 Þ	21 M		21 M	21 M	21 M	21 M	21 F	21 F	21 L	21 L	21 Þ	21 Þ
22 S		22 M		22 M		22 M		22 M	22 M	22 L		22 Þ	22 Þ	22 Þ	22 Þ	22 F	22 F	22 S	22 S	22 M	22 M
23 M		23 F		23 L		23 Þ		23 F	23 F	23 S		23 M	23 M	23 M	23 M	23 L	23 L	23 M	23 M	23 F	23 F
24 Þ		24 F		24 M		24 M		24 F	24 F	24 M		24 F	24 F	24 F	24 F	24 S	24 S	24 Þ	24 Þ	24 F	24 F
25 M		25 L		25 M		25 F		25 M	25 M	25 P		25 F	25 F	25 F	25 F	25 M	25 M	25 M	25 M	25 L	25 L
26 F		26 S		26 M		26 F		26 S	26 S	26 M		26 L	26 L	26 L	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F	26 F	26 S	26 S
27 F		27 M		27 M		27 L		27 M	27 M	27 F		27 S	27 S	27 S	27 S	27 M	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M
28 L		28 Þ		28 S		28 M		28 Þ	28 Þ	28 F		28 M	28 M	28 M	28 M	28 F	28 F	28 L	28 L	28 Þ	28 Þ
29 S		29 M		29 F		29 M		29 M	29 M	29 L		29 M	29 M	29 M	29 M	29 F	29 F	29 S	29 S	29 M	29 M
30 M		30 F		30 L		30 Þ		30 F	30 F	30 S		30 M	30 M	30 M	30 M	30 L	30 L	30 M	30 M	30 F	30 F
31 Þ				31 S				31 F	31 F	31 M				31 F	31 F			31 Þ	31 Þ		

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfslokis eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumari. Leikskólasjónið ákveður, að höfuð samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allur sumar eða loki samkvæmt íttu tuttugu virka daga. Steina skóla- og frístundasvæðis er að í hverju hverfi teitist skólasjónendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagsbætur við fjölskyldur í Reykjavík.



Efni: Umsögn foreldraráðs Sunnufoldar um starfsáætlun 2021-2022

Reykjavík 22. október 2021

Þann 19. október s.l. kom foreldraráð leikskólans Sunnufoldar saman og ræddi fyrirbyggjandi starfsáætlun skólans. Starfsáætlun og skóladagatal leikskólaársins 2021-2022 var kynnt foreldraráði í lok ágústmánaðar og endurspeglar það starf og þá stefnumótun sem hefur verið í gangi í leikskólanum. Að mati ráðsins ber áætlunin þess merki að faglega sé unnið eftir þeim áætlunum sem skólinn setur fram hverju sinni.

Að mati foreldraráðs er ánægja með upplýsingaflæði til foreldra. Það má auðvitað alltaf gera betur og fer það eftir deildum hvað megi bæta. Völu appið virkar vel en nota mætti það meira, t.d. setja inn fleiri myndir af börnunum og í einhverju tilvikum merkja betur inn mat og drykk eftir matmálstíma. Foreldrar eru mjög ánægðir með föstudagspósta sem sendir eru út í lok hverrar viku og upplýsa um hvernig starfið hefur gengið þá vikuna og hvað sé framundan. Sömuleiðis ef nýjir starfsmenn bætast við starfsmannahópinn en foreldrar telja mikilvægt að fá slíkar upplýsingar enda nauðsynlegt fyrir þá að vita hverjir starfa með börnunum hverju sinni. Eftir sem áður er jákvætt að unnið sé með bæði hús skólans, Frosta og Loga, sem eina heild. Auðveldar það upplýsingaflæði.

Varðandi þann mat sem boðið er upp á þá vill foreldraráð leggja áherslu á að það telji mikilvægt að matur á milli Frosta og Loga sé samræmdur. Aðkeyptur matur býðst börnum á Frosta en börnum á Loga býðst matur sem eldaður er á staðnum. Mikil ánægja er með matinn á Loga en minni með matinn á Frosta. Virðist sem að það vanti oft inn mikilvæga næringaþætti eins og t.d. grænmeti og ávexti í matmálstímum á Frosta sem ekki er nógu gott og úr því þurfi að bæta. Ráðið vonast til að fengin verði matráður í Frosta á næstu mánuðum og þannig verði hægt að bjóða upp á mat sem eldaður er á staðnum.

Hvað varðar húsnæðismál þá eru nokkur atriði sem ráðið telur þörf á að bæta úr. Eftir sem áður, og fram kemur í síðustu umsögn ráðsins (2020-2021), þá er mikilvægt að hljóðvist verði bætt, einkum á Álf- og Hulduheimum. Foreldraráð hefur fengið upplýsingar um að til standi að bæta úr þessu á næstu mánuðum, sem er jákvætt, enda þörf á úrbótum. Vonandi gengur það eftir. Auk þessa telur foreldraráð mikilvægt að á þessar sömu deildir verði settur hiti í gólfíð en þetta eru deildir yngstu barnanna. Ráðið telur ótækt að yngstu börnin sitji á óhituðu gólfi allan veturinn. Þá eru fatahengin ansi þröng á þessum deildum og því lítið pláss til að koma fyrir fötum barnanna. Úr þessu mætti bæta. Að lokum má nefna að ráðið telur mikilvægt að sett séu skilrúm á milli klósetta á Tröllheimum, deild elstu barnanna. Elstu börnin eru á þeim aldri að vilja næði á klósettinu og telur ráðið nauðsynlegt að verða við því enda á hver og einn að geta verið á klósettinu án þess að sæta truflun frá öðrum börnum á deildinni.

Ráðið vill koma því á framfæri að það er ánægt með hversu viðburðarríkur veturinn er. Það er ýmislegt í gangi og gleður það börnin mikið, brýtur upp dagana fyrir þau og lætur þau hlakka til að mæta í leikskólann. Þetta er mjög jákvæður liður í starfinu að mati ráðsins.

Foreldraráð fagnar markmiðum skólans og telur starfsáætlun og skóladagatal faglega unnið. Námskráin gefur góða mynd af því frábæra starfi sem unnið er á hverjum degi í skólanum.

Fyrir hönd foreldraráðs Sunnufoldar,
Olga Dís Þorvaldsdóttir.